

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmda-áætlunar fyrir árið 1968. Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hlutinn vill samþykkja frv. óbreytt, en á það getur minni hlutinn ekki fallizt og skilar því sérálit.

Þetta frv. var til 1. umræðu í fyrri þingdeild á þriðjudag í dymbilvikum. Fjárhagsnefnd hefur rætt það á tveim fundum, á miðvikudag og fimmtudag (skírdag). Formönnum þingflokka hefur verið kunnbert, að þingi ljúki á laugardag eftir páska. Á fjórum dögum eftir páska er Alþingi ætlað að ræða og afgreiða mörg stjórnarfrumvörp, tugir frv. og þingsályktunartillagna hafa verið afgreidd frá nefndum og bíða afgreiðslu. Von er á skýrslum frá utanríkisráðherra og fjármálaráðherra, sem væntanlega verða ræddar. Útvarpsumræður standa í tvo daga. Á þessum sömu fjórum dögum er Alþingi ætlað að fjalla um þetta frv., sem hefur inni að halda heimildir fyrir ríkisstjórnina til þess að taka lán innanlands og utan, 450 millj. króna, auk vörukaupalána og ábyrgðarheimilda. Auk heimilda til lántöku fjallar frv. að sjálfsgöðu um það, hversu þessum fjármunum skuli varið í meginatriðum. — Með frv. er prentuð sem fylgiskjal „Framkvæmda- og fjáröflunaráætlun 1968“.

Þau vinnubrögð, sem hér eru viðhöfð, að ætla Alþingi að fjalla um svo viðamikilið mál sem þetta á sex dögum, samhliða öllu öðru, er afgreiða þarf á sama tíma, eru óhæfileg með öllu, og verður að mótmæla þeim harðlega.

Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir að bjóða út á árinu ríkisskuldabréf eða spariskírteini að upphæð 75 millj. kr. Er það 50 millj. krónum lægri fjárhæð en ákveðið var að bjóða út á fyrra ári, og kemur hér fram mat ríkisstjórnarinnar á ástandinu. Engu að síður virðist það vera áform valdhafanna að halda áfram bindingu sparifjár á sama hátt og gert hefur verið að undanförmu. Jafnframt munu fara fram samningar við viðskiptabankana um, að þeir kaupi verðbréf vegna framkvæmdaáætlunarinnar fyrir 10% innstæðuaukningar á árinu.

Viðskiptabankarnir hafa hvergi nærri getað fullnægt eðlilegri rekstrarfjárbörf atvinnu- og þjónustufyrirtækja á undanförmum árum. Má búast við, að það ástand versni enn á þessu ári. Við munum því leggja til, að Seðlabankinn noti ekki heimild sína til bindingar sparifjár á þessu ári.

Í II. kafla frv. er einkum fjallað um erlendar lántökur. — Það er eftirtektarvert, að í stað þess að áður voru erlend lán nær einvörðungu tekin til einstakra stórfamkvæmda, til þess að efla arðbæran atvinnurekstur eða leysa verkefni, sem ætla mátti að hefðu stórfellda þjóðhagslega þýðingu, þá er nú í sívaxandi mæli notað erlent fjármagn til ýmissa smærri framkvæmda, sem áður þótti sjálfsgagt að greiða með fjárveitingum á fjárlögum.

Lántökuheimildir þessa frv. nema mörgum hundruðum milljóna. Eðlilegt væri, að þinginu gæfist kostur á að fjalla ýtarlega um ráðstöfun svo mikilla fjármuna. Vera kynni, að alþm. vildu t. d. athuga það nánar, hvort rétt sé að verja ámóta miklu fé til þriggja landshafna og til allra annarra hafna á landinu, — eða hvernig áformað er að verja því fé, sem ætlað er til raforkumála, bæði til orkuveitna og aflstöðva. En á átta ára valdaferli í góðari hefur ríkt alger kyrrstaða í raforkuvinnslumálum þjóðarinnar með þeim afleiðingum, að fjöldi byggðarlaga á Vestur-, Norður- og Austurlandi býr við dýra og ótrygga raforku, og eitt stærsta iðnfyrirtæki landsins, áburðarverksmiðjan, er óstarfhæf að hluta vegna orkuskortis.

En eins og þetta mál ber að á Alþingi nú — og raunar áður — er útilokað að gera því þau skil, sem margir alþm. hefðu áreiðanlega viljað og vert væri.

Á undanförmum árum hafa verið sívaxandi brögð að því, að alls konar skuldabréf eru með lögum undanþegin framtalsskyldu. Þetta teljum við óhæfu. Við teljum, að það sé frumskilyrði fyrir eðlilegu skattaeftirliti, að eignir séu taldar fram, þó að þær séu undanþegnar skattlagningu, sem í vissum tilfellum getur verið réttlæt看legt, og flytjum brtt. við 3. gr. frv.

Breytingartillögur okkar verða prentaðar á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 16. apríl 1968.

Vilhjálmur Hjálmarsson, Lúðvik Jósefsson,
frsm.